

L Ö G

38

14. maí

um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954,
um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1954, um skattaauka á tekjur, og ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga, um lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, skulu gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

2. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954, um álag á eignarskatt, skulu gilda við álagningu eignarskatts árið 1955.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

39

16. maí

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölulið 3. gr. laganna skal orða svo:

Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1,6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

39

16. maí

Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

3. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 101 10. des. 1954, um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

40

16. maí

L Ö G

um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum, sbr. 4. gr.

2. gr.

Tekjur Fiskveiðasjóðs eru:

1. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 81 5. júní 1947.
2. Framlag ríkissjóðs, 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1956.
3. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjávarútvegsmálaráðherra.

Er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni allt að 50 millj. kr.

4. gr.

Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

- a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánnum.
- b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafila.

5. gr.

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn fyrsta veðrétti. Mega lán nema allt að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅓ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega þó lán nema allt að ¾ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti. Hámark lána er kr.